

Samningur

mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2020-2023

Samningur þessi er gerður á grundvelli 4. mgr. 2. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013

Inngangur

Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013, (hér eftir „lög um RÚV“) er Ríkisútvarpinu ætlað að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni auk þess að leggja rækt við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð.

Lýðræðishlutverki sínu sinnir Ríkisútvarpið með fréttáþjónustu og sem vettvangur skoðanaskipta og umræðu um samfélagsmál. Rækt við íslenska tungu og fjölbreytt efni um listir, menningararf, íþróttir, ýmiskonar fræði og áhugamál almennings er hornsteinninn í menningarhlutverki Ríkisútvarpsins. Sérstök áhersla er lögð á framboð á efni fyrir ungu kynslóðina og að virkja hana til þátttöku í dagskrárgerð. Ríkisútvarpið kappkostar að sameina fólkið í landinu og stuðla þannig að félagslegri samheldni.

1. Markmið

Samningur þessi er gerður á grundvelli 4. mgr. 2. gr. laga um RÚV, þar sem kemur fram að í honum skuli nánar kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar skv. 1. og 3. gr. laganna og um fjármögnun fjölmiðlunar í almannabágu á öllu samningstímabilinu. Samningurinn tekur einnig mið af samþykktri stefnu Ríkisútvarpsins.

1.1. Framboð þjónustu og umfang starfsemi

Ríkisútvarpið sendir út dagskrá sem skal uppfylla skilyrði í lögnum og þjónustusamningi þessum með sambærilegum hætti og umfangi og árið 2019, að teknu tilliti til tekna og gjalda, þannig að dagskrárframboð og þjónusta geti á samningstímanum dregist saman um allt að 10% miðað við framangreint ár, t.d. til að standa straum af fyrirsjáanlegum auknum kostnaði við aukna ólínulega þjónustu eða tekjusamdrátt. Með tilliti til þeirra áherslna í dagskrá sem tilgreindar eru í samningi þessum og lögnum og með hliðsjón af eðli starfsemi Ríkisútvarpsins skal miða við að tilfærsla dagskrárkostnaðar á milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarps verði ekki meiri en 10%. Þá er miðað við að tilfærslur milli efnisflokka í dagskrá sjónvarps og hljóðvarps verði ekki meiri en 15% á samningstímabilinu nema við sérstakar aðstæður og með samþykki beggja samningsaðila. Öll dagskrá Ríkisútvarpsins er send út á vef nema kveðið sé á um annað í samningum við rétthafa.

Ef tekjugrunnur Ríkisútvarpsins breytist á samningstímabilinu skal endurskoða framangreint ákvæði um umfang dagskrár.

2. Sérstök markmið á samningstímanum

Meginhlutverk og markmið Ríkisútvarpsins eru skilgreind í lögnum en samningsaðilar eru ásáttir um eftirfarandi áherslur og sérstök markmið sem vinna skal að á gildistíma samningsins. Við framkvæmd þessara markmiða skal höfð hliðsjón af framboði á efni og áherslum í dagskrá annarra fjölmiðla og

LVA
SE

gætt að samkeppnissjónarmiðum. Með þessum áherslum er leitast við að skerpa á hlutverki og sérstöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

2.1. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðsla

Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Þar undir fellur einnig talsetning og gerð útvarpsþátta. Skal verja til þess 12% af innheimtu útvarpsgjalda á ári. Velji Ríkisútvarpið að gerast meðframleiðandi er því heimilt að krefjast eignarhlutar í verkefni í réttu hlutfalli við fjárframlag sitt. Ef eignarhlutur Ríkisútvarpsins í samstarfsverkefni með sjálfstæðum framleiðanda er 50% eða stærri skal greiða listamönnum fyrir vinnu sína samkvæmt gildandi samningum Ríkisútvarpsins og hlutaðeigandi félags réttihafa. Á gildistíma samningsins leggur Ríkisútvarpið áherslu á leikið íslenskt efni til að efla kvikmyndagerð í landinu og auka framboð og gæði á leiknu íslensku sjónvarpsefni.

Ríkisútvarpið býður sjálfstæðum framleiðendum aðstoð við að koma íslensku sjónvarpsefni inn á erlenda markaði í samstarfi við alþjóðlega dreifingaraðila í gegnum RÚV Sölu ehf.

Með sjálfstæðum framleiðanda er átt við framleiðanda hljóð- eða myndefnis sem er sjálfstæður lögaðili, óháður Ríkisútvarpinu í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum þess, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, sbr. 36. tölulið 2. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Greiðslur til þáttarstjórnenda, sjálfstætt starfandi tæknimanna, handritshöfunda, ráðgjafa, leikara o.s.frv., auk greiðslna vegna leigu á búnaði eða öðrum aðföngum vegna dagskrárefnis sem Ríkisútvarpið ber ábyrgð á, teljast þar af leiðandi ekki greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda, samkvæmt samningi þessum.

Forsenda fyrir framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis er að árleg fjárveiting á grundvelli útvarpsgjalds lækki ekki að raunvirði á samningstímanum.

2.2. Börn og ungmenni

Lögð verður áhersla á þjónustu við börn og ungmenni á samningstímabilinu. Á tímabilinu skal bjóða upp á fréttatengt efni ætlað börnum.

Áhersla verður lögð á að hvetja börn og unglinga til þátttöku í dagskrárgerð og öðru skapandi starfi. Þá verður lögð áhersla á að notuð sé viðeigandi tækni og miðlunarleiðir sem börn og unglingar þekkja auk þess að vera ábyrg fyrirmynd í notkun þeirra.

Áfram verður lögð áhersla á samstarf við stofnanir, félagasamtök og aðra aðila í því markmiði að efla barnameningu og fræðslustarf fyrir börn.

Markmið þjónustunnar er að virkja ungt fólk til þátttöku í íslensku samfélagi í víðum skilningi og þróa nýjar miðlunarleiðir til að mæta því þar sem það ver mestum tíma hverju sinni.

Áhersla verður lögð á að efla lýðræðisvitund ungs fólks og auka miðla- og upplýsingalæsi þess auk þess að hvetja til þátttöku í menningarstarfsemi. Áfram verður áhersla lögð á að fá ungt fólk til dagskrárgerðar og þátttöku í starfi RÚV.

2.3. Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins

LDA
/SE

Markmið Ríkisútvarpsins er að áfram verði unnið að því að yfirfæra eldra efni í Gullkistu Ríkisútvarpsins á varanlegt stafrænt form, auka aðgang almennings að efni úr safni Ríkisútvarpsins og byggja upp innviði til stafrænnar varðveislu og miðlunar.

Á samningstímanum verður áfram unnið að aukinni miðlun efnis úr Gullkistu Ríkisútvarpsins í vefspilara sem tekinn var í notkun í ársbyrjun 2018. Í tilefni af 90 ára afmæli Ríkisútvarpsins í desember 2020 verður rík áhersla lögð á að yfirfæra og veita aðgang að perlum úr safni útvarpsins sem hafa ekki heyrst á öldum ljósvakans um áratugaskeið. Verkefnið styður einnig við miðlun íslenskrar tungu með því að tryggja um ókomna framtíð aðgengi almennings að íslenskum menningararfi sem hingað til hefur verið óaðgengilegt.

2.4. Fræðsluhlutverk Ríkisútvarpsins

2.4.1. MenntaRÚV

Á samningstímanum leggur Ríkisútvarpið rækt við fræðsluhlutverk sitt, m.a. með frekari þróun MenntaRÚV. Markmið MenntaRÚV er að sameina ólíka krafta og stuðla þannig að uppbyggingu vísðsýns og framsækings samfélags með því að miðla vönduðu og fjölbreyttu efni. MenntaRÚV er ætlað að vera miðstöð fyrir fræðslu- og kennsluefni á íslensku eða með íslenskum texta, sérstaklega með þarfir kennara og nemenda í huga. MenntaRÚV verður með vandað efni, framleitt af Ríkisútvarpinu og öðrum íslenskum og erlendum framleiðendum.

Á samningstímanum gerir Ríkisútvarpið fræðsluefni um íslenska tungu aðgengilegt á vef sínum.

Starfshópur á vegum Ríkisútvarpsins og fulltrúar hagsmunaaðila þróa og móta áætlun um starfsemi um MenntaRÚV í víðtæku samstarfi við menntayfirvöld, kennara, framleiðendur og dreifendur fræðsluefnis og fleiri aðila eftir atvikum.

Hópurinn leggur fram tillögur um stefnu og helstu áherslur MenntaRÚV fyrir árslok 2021 ásamt kostnaðar-, verk- og tímaáætlun.

2.4.2. Háskólinn okkar

Á samningstímanum þróa Ríkisútvarpið svæði á vef sínum í samstarfi við háskólasamfélagið þar sem háskólar og aðrar rannsóknarstofnanir geta miðlað efni í mynd, hljóði og texta. Markmiðið er að tryggja almenningi á einfaldan hátt aðgang að fræðsamfélaginu og þeirri vitneskju sem það býr yfir. Þá getur Ríkisútvarpið verið í miðlunarhlutverki og nýtt reynslu sína við framsetningu og miðlun upplýsinga. Með þessu leggur Ríkisútvarpið sitt af mörkum til að bregðast við upplýsingaóreiðu samtímans og styðja við opinbera umræðu með það að markmiði að þjóðin verði upplýstari og fróðari.

2.4.3. Miðla- og upplýsingalæsi

Ríkisútvarpið setur á vefinn upplýsingar og fræðsluefni fyrir almenning um miðla og upplýsingalæsi fyrir árslok 2022.

Með miðla- og upplýsingalæsi er átt við hæfni, þekkingu og skilning sem gerir fólki kleift að nýta fjölmiðla á áhrifaríkan og öruggan hátt. Enn fremur að efla gagnrýna hugsun og hæfni til að greina falsfréttir, flókin mál og að þekkja muninn á skoðunum og staðreyndum.

2.4.4. Þróun máltækni

Ríkisútvarpið á aðild að Almennarómi og tekur á samningstímanum þátt í starfi þverfaglegs hóps rannsakers og fyrirtækja (SÍM) um þróun kjarnalausna í máltækni. Markmiðið er að tryggja að

LOA
SE

Íslenska verði bæði nothæf og notuð í tölvum og snjalltækjum til framtíðar. Í safni Ríkisútvarpsins liggja gögn sem nýtast beint við þróun þessarar tækni.

2.4.5. Þjónusta við eldri borgara

Ríkisútvarpið skal huga að sjónarmiðum og þörfum eldri borgara í dagskrárgerð sinni. Fræðsla miðuð að málefnum eldri borgara, réttindum þeirra og heilbrigði skal vera hluti af dagskrá í miðlum sem Ríkisútvarpið telur ná best til eldri borgara.

3. Fréttapjónusta

Ríkisútvarpið veitir víðtæka frétt- og fréttaskýringaþjónustu og veðurþjónustu allan sólarhringinn. Ríkisútvarpið miðlar fréttum í útvarpi og sjónvarpi, á vef og samfélagsmiðlum. Fréttastofa starfar samkvæmt fréttareglum sem endurskoðaðar eru á minnst þriggja ára fresti.

3.1. Kosningaumfjöllun

Ríkisútvarpið birtir reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en fjórum vikum áður en framboðsfrestur rennur út. Ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara skal Ríkisútvarpið birta reglurnar eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynnt hefur verið um kosningarnar.

4. Aðgengi að þjónustu RÚV

Ríkisútvarpið skal móta stefnu í aðgengismálum. Stefnan á að fela í sér hvernig leitast er við að nýta tæknilegar lausnir til að tryggja aðgengi þeirra sem ekki geta nýtt sér þjónustu Ríkisútvarpsins með hefðbundnum hætti.

Við þróun vefs og ólínulegrar dagskrár skal taka mið af aðgengi engu síður en í hefðbundinni línulegri dagskrá í útvarpi og sjónvarpi.

Heyrnarlausum og heyrnarskertum skal áfram veita aðgengi að fréttum og öðru sjónvarpsefni á vef og með skjátexta, t.d. í textavarpi. Útsendingar á táknmáli eða aðrar miðlunarleiðir skulu nýttar þegar það þykir henta og í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma.

Ríkisútvarpið skal áfram leita leiða til að koma til móts við blinda og sjónskerta með tæknilegum lausnum.

Á samningstímanum heldur Ríkisútvarpið áfram að þróa tæknilegar lausnir til að auka aðgengi Íslendinga búsettra erlendis að dagskrárefni og þjónustu.

Þá leggur Ríkisútvarpið áherslu á að veita þjónustu fyrir íbúa landsins sem hafa annað móðurmál en íslensku, þar á meðal með miðlun fréttu á fleiri tungumálum en íslensku og fræðslu um samfélagsleg málefni.

Beinar útsendingar frá borgarafundum og frá stóratburðum er varða alla, svo sem náttúruhamförum, hryðjuverkum eða stórtíðindum í stjórnmálum, skulu rittúlkaðar í textavarpi ef því verður við komið.

Fréttaskýringarþættir í beinni útsendingu skulu textaðir fyrir endursýningu.

Öll forunnin innlend dagskrá er textuð eftir því sem unnt er. Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu skulu textaðir fyrir endursýningu ef því verður við komið.

Ríkisútvarpið skal senda út fréttir á táknmáli eða með táknmálstúlkun alla daga ársins. Hlutfall útsendinga á táknmáli á samningstímanum skal ekki vera minna en það var 2019. Rittúlkun og táknmálstúlkun skal fylgja umræðuþáttum með fulltrúum framboða í aðdraganda kosninga.

MA
/ SE

Á vefsíðu Ríkisútvarpsins er vefþula sem les upp texta.

Ríkisútvarpið fylgist með og tekur virkan þátt í þróun máltækni sem leitt gæti til framfara í aðgengismálum.

5. Stefnumótun og aðkoma almennings að dagskrá Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið setur sér stefnu á a.m.k. fimm ára fresti og áður en stefnan er birt opinberlega skulu drög að henni kynnt mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Stefna Ríkisútvarpsins taki einnig til dagskrár og allra sviða miðlunar að teknu tilliti til laganna og samnings þessa.

Ríkisútvarpið leitar með skipulögðum hætti að dagskrárhugmyndum og tillögum að dagskrárefni fyrir alla miðla jafnt frá almenningi sem sjálfstæðum framleiðendum. Til viðbótar við markvissa móttöku slíkra erinda verður tvisvar á ári staðið fyrir opnum hugmyndadögum fyrir dagskrárefni.

6. Starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins

Ríkisútvarpið leggur áherslu á þjónustu við alla landsmenn, meðal annars með því að hafa starfsemi í öllum landshlutum sem er stýrt frá svæðisstöð á Akureyri. Miðað er við að umfang starfseminnar verði sambærilegt við árið 2019.

7. Öryggis- og almannavarnahlutverk

Ríkisútvarpið er mikilvægur hlekkur í öryggiskeðju landsins, leggur rækt við það hlutverk og horfir til þess við þróun nýrra miðlunarleiða í samvinnu við aðrar öryggisstofnanir landsins.

Ríkisútvarpið skal starfa eftir öryggisstefnu til að tryggja upplýsingamiðlun og þjónustu þegar vá ber að höndum. Útvarpsstjóri skipar öryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið skal hafa forgöngu um skipan starfshóps með Almannavörnum, Neyðarlínunni, Isavia og sérfræðingi á sviði almannavarna um framtíðaruppbyggingu útvarpsöryggissenda og metur valkosti um framtíðardreifileiðir. Niðurstöður skulu liggja fyrir á árinu 2021.

8. Dreifikerfi

Ríkisútvarpið skal miða við að dreifing sjónvarps- og hljóðvarpsefnis nái til að minnsta kosti 99,8% heimila í landinu um opið dreifikerfi, þ.e. að almenningur þurfi ekki að kaupa þjónustu af þriðja aðila til að ná útsendingum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpinu er heimilt að semja við þriðja aðila um leyfi til að dreifa efni þess, að hluta eða í heild.

Ríkisútvarpið skal leita leiða til að miðla sjónvarps- og útvarpsdagskrá sinni til íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis, t.d. með veflausnum sem tryggja aðgang án þess að gengið sé á hlut rétthafa.

9. Jafnréttismál

Ríkisútvarpið gerir jafnréttisáætlun sem skal endurskoðuð með reglubundnum hætti. Stefnt skal að jafnrétti kynjanna í allri starfsemi og dagskrá og viðmælendur í fréttum og öðru dagskrárefni endurspegli kynjahlutföll í samfélaginu.

10. Málstefna og þróun máltækni

Áhersla skal lögð á vandað mál í öllum miðlum ásamt því að upplýsa og fræða landsmenn um mál og málnotkun. Ríkisútvarpið setur sér málstefnu og skal hún endurskoðuð á samningstímanum.

LMA
SE

Starfsmenn skulu hafa aðgang að málfarsráðgjöf.

11. Innra eftirlit og gæðamál

Til að stuðla að faglegum vinnubrögðum og tryggja gæði fréttá- og dagskrárefnis skal Ríkisútvarpið viðhafa innra eftirlit og fylgja gæðaferlum auk þess sem upplýst skal á gagnsæjan hátt með hvaða hætti það er gert á hverjum tíma.

Ríkisútvarpið setur sér siðareglur sem skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Fréttareglur Ríkisútvarpsins eru aðgengilegar á vef Ríkisútvarpsins og endurskoðaðar reglulega.

Ríkisútvarpið skal láta mæla viðhorf almennings og traust til félagsins í heild og til fréttáþjónustu. Einnig skal mæla viðhorf til dagskrárefnis og einstakra dagskrárliða einu sinni á ári. Ríkisútvarpið skal reglulega láta mæla notkun almennings á þjónustu þess.

Allar lausar stöður skulu auglýstar og ráðið skal eftir opnu, faglegu og gagnsæju ráðningarferli. Jafnframt skal gætt að því að samningar við verktaka séu gerðir eftir opnu, faglegu og gagnsæju ferli.

12. Fjármögnun

Kveðið er á um tekjustofna Ríkisútvarpsins í 14. gr. laga nr. 23/2013. Verði tekjur Ríkisútvarpsins af innheimtu útvarpsgjaldi á samningstímabilinu lægri að raunvirði en þær voru árið 2019 er hvorum sammingsaðila heimilt að fara fram á upptöku sammingsins.

Greiðslur til Ríkisútvarpsins samkvæmt áætlun fjárlaga um tekjur af gjaldi skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 23/2013 (útvarpsgjaldi) skulu berast í jöfnum hlutum mánaðarlega og fyrirfram, fyrsta dag hvers mánaðar.

Á hverju ári skal mennta- og menningarmálaráðuneytið óska eftir upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti um fjölda þeirra sem fengu álagt útvarpsgjald, innheimtuhlutfall gjaldsins og endanlegan fjölda greiðenda á yfirstandandi ári og láta Ríkisútvarpinu í té.

Reynist tekjur af útvarpsgjaldi hærri en útgjöld vegna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, á samningstímabilinu, þannig að eiginfjárhlutfall félagsins fari upp fyrir 35% skal Ríkisútvarpið greiða til baka fjárhæð sem nemur mismun á þjónustutekjum og útgjöldum vegna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu eða mismun á eigin fé og því sem væri ef eigið fé væri 35%. Skal lægri fjárhæðin af þessum tveimur greidd og skal greiðslan fara fram í jöfnum hlutum á fjórum mánuðum frá lokum uppgjors reikningsárs. Ríkisútvarpinu er heimilt eftir lok sammings þessa að halda eftir allt að 10% af tekjum af útvarpsgjaldi sem eru umfram þann kostnað sem félagið hefur af því að veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Þessi regla á ekki við um framlög úr ríkissjóði sem ætluð eru til sérstakra fjárfestinga svo unnt sé að uppfylla fjölmiðlaþjónustu í almannabágu í samræmi við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA. Auk tekna af útvarpsgjaldi hlýtur Ríkisútvarpið sérstaka fjárveitingu upp á 175 m.kr. árið 2020 til eflingar á leiknu íslensku sjónvarpsefni. Ef ekki verður áframhald á þessari fjárveitingu fellur niður skuldbinding Ríkisútvarpsins um að auka framlag til leikins efnis, sbr. grein 2.1.

13. Rekstraráætlun

Ríkisútvarpið sendir ráðuneytinu rekstraráætlun fyrir hvert ár. Rekstraráætlun skal vera nákvæm og ítarleg og vera sundurliðuð eftir efnisflokkum og einstökum miðlum. Rekstraráætlun skulu fylgja upplýsingar um umfang dagskrár og annarrar þjónustu og þær breytingar sem fyrirsjáanlegar eru, að teknu tilliti til tekna og gjalda á reikningsárinu.

13A
5E1

Gerir Ríkisútvarpið breytingar á rekstraráætlun sinni skulu ráðuneytinu kunngjörðar breytingar á henni og áhrif þeirra á þjónustuna, séu þær gerðar á reikningsárinu.

14. Ársreikningur og ársskýrsla

Ríkisútvarpið skal árlega, jafnskjótt og ársuppgjör síðastliðins reikningsárs liggur fyrir, afhenda ráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning sem einnig skal gerður aðgengilegur á vef Ríkisútvarpsins. Jafnframt skal birta þar samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning, sbr. 2. mgr. 149. gr. laga nr. 2/1995.

Í endurskoðuðum ársreikningi félagsins skal gera grein fyrir tekjum Ríkisútvarpsins að frádregnum kostnaði, annars vegar af fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og hins vegar af þeim hluta starfseminnar sem telst vera í samkeppnisrekstri. Einnig skal gerð nánari grein fyrir sundurliðun útgjalda einstakra liða í samræmi við lög og reikningsskilastaðla sem eru í gildi á hverjum tíma.

Ríkisútvarpið skal gera ársskýrslu fyrir aðalfund og skal ráðuneytinu sent eintak af henni jafnskjótt og hún er tilbúin. Ársskýrslan skal einnig vera aðgengileg á vef Ríkisútvarpsins.

15. Upplýsingasöfnun

Ríkisútvarpið skal árlega útbúa greinargerð til fjölmiðlanefndar um hvernig það stendur að fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, skv. 3. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga. Greinargerðin skal einnig send ráðuneytinu um leið og hún er send fjölmiðlanefnd.

Í greinargerðinni skal einnig greint frá niðurstöðum eigin mats Ríkisútvarpsins á framkvæmd ákvæða í 4. mgr. 3. gr. laganna, einkum 2. og 5. tölulið.

Í greinargerðinni skal setja fram tölulegar upplýsingar skv. viðauka við samning þennan og skýringar á hvernig Ríkisútvarpið hefur sinnt fjölmiðlaþjónustu í almannabágu á hverju ári í samanburði við fyrri ár. Einnig skulu koma fram upplýsingar um tilfærslur dagskrárkostnaðar á milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarps og milli efnisflokka í dagskrá sjónvarps og hljóðvarps miðað við ársskýrslu fyrri árs. Þá skal gerð grein fyrir viðhorfum almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins eins og þau koma fram, m.a. í könnunum, sem Ríkisútvarpið lætur gera, og ábendingum.

Í greinargerðinni skal birta sundurliðun útgjalda einstakra liða til að hægt sé að sannreyna og meta gagnsæi og framsetningu í ársreikningi á kostnaði við þá fjölmiðlaþjónustu í almannabágu sem Ríkisútvarpið veitir, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Þá skal gera grein fyrir hvernig aðskilnaði rit- og dagskrárstjórnar og viðskiptalegra hagsmuna er háttað.

Í greinargerð skal einnig koma fram með hvaða hætti Ríkisútvarpið bregst við ábendingum, kvörtunum, frávikum frá siðareglum, brotum á fréttareglum og öðru sem skiptir máli varðandi gæði eða innra eftirlit.

Ef Ríkisútvarpinu tókst ekki að koma einstökum atriðum í samningi þessum, eða sem tilgreind eru í 3. gr. laganna, í framkvæmd á því ári sem greinargerðin tekur til skal gera grein fyrir ástæðum þess í greinargerðinni og hvernig stefnt er að því að bæta úr því.

Efnisflokka og upplýsingar sem tilgreind skulu í greinargerðinni er að finna í viðauka við samning þennan.

NDA
SE

16. Eftirlit og fundir um framkvæmd samnings

Ríkisútvarpið skal á hverjum tíma og eftir því sem ráðuneytið, fjölmiðlanefnd, Samkeppniseftirlitið eða Ríkisendurskoðun óska eftir, veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna megi hvort Ríkisútvarpið uppfyllir skyldur samkvæmt lögum og samningi þessum.

Aðilar að samningi þessum skulu koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, til að fjalla um framkvæmd samningsins, þróun hans, fyrirhugaðar breytingar og markmið. Sé talin ástæða til breytinga á samningi þessum skulu þær gerðar í sérstökum viðauka við hann.


Ráðuneytið getur sannreynt skýringar á rekstri og framkvæmd samningsins með því að óska eftir frekari upplýsingum og gögnum þar að lútandi og veitir Ríkisútvarpið þær, að því gefnu að sérstök samkeppnissjónarmið og persónuverndarsjónarmið mæli ekki gegn því.

17. Gildistími

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2023.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 28. desember 2020



Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



F.h. Ríkisútvarpsins ohf.,
Stefán Eiríksson
útvarpsstjóri

VIÐAUKI I

Greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannabágu

1. FRAMBOÐ ÞJÓNUSTU OG UMFANG STARFSEMI

Í árlegri greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannabágu, skv. 7. gr. og 15. gr. laga nr. 23/2013 skal gera grein fyrir dagskrá og umfangi starfsemi Ríkisútvarpsins og bera saman við dagskrá og umfang þriggja ára á undan.

Gerð skal grein fyrir breytingum og þróun á framboði þjónustu og efnisþáttum út frá neðangreindum atriðum, og fleiri ef við á:

SJÓNVARP

1. Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.).
2. Heildarútsendingartími auglýsinga í dagskrá (mín.).
3. Meðalútsendingartími á dag (klst.).
4. Hlutfall innlends og erlends efnis í dagskrá.
5. Hlutfall innlends og erlends efnis á kjörtíma (kl. 19-23).
6. Hlutfallsleg skipting eftir tegund dagskrárefnis:
 - a. Fréttir og fréttatengt efni.
 - b. Listir, menning og vísindi.
 - c. Leikið efni.
 - d. Efni fyrir börn og ungmenni.
 - e. Íþróttir (skipt eftir helstu íþróttagreinum).
 - f. Afþreyingarefni.
7. Hlutfallsleg skipting eftir uppruna dagskrárefnis:
 - a. Ísland.
 - b. Önnur af Norðurlöndunum.
 - c. Önnur Evrópulönd.
 - d. N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada).
 - e. Aðrar heimsálfur.
8. Aðgengismál
 - a. Samtímatextun á aðalfréttatíma á síðu 888 í textavarpi (hlutfall).
 - b. Táknmálstúlkun á fréttum og fréttatengdu efni (fjöldi þátta).
 - c. Textun á síðu 888, frumsýningar (og hlutfall af forunnu innlendu efni).
 - d. Textun á síðu 888, endursýningar (og hlutfall af forunnu innlendu efni).

LDA
SE

RÁS 1

9. Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.).

10. Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.).

11. Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild):

- a. Menningarþættir með blönduðu efni.
- b. Samfélags- og dægurmál.
- c. Fréttir og fréttatengt efni.
- d. Sígild og nútímatónlist.
- e. Dægurtónlist.
- f. Mannlíf.
- g. Leikið efni.
- h. Efni fyrir börn og ungmenni.
- i. Trúmál.
- j. Íþróttir.
- k. Kynningar.
- l. Auglýsingar.

RÁS 2

12. Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.).

13. Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.).

14. Hlutfall af íslenskri tónlist og fjölda lagatitla.

15. Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild):

- a. Íslensk tónlist.
- b. Samfélags- og dægurmál.
- c. Dægurtónlist.
- d. Fréttir og fréttatengt efni.
- e. Leikið efni.
- f. Sígild/létt sígild tónlist.
- g. Skemmtiefni.
- h. Efni fyrir börn og ungmenni.
- i. Menningarþættir með blönduðu efni.
- j. Trúmál.
- k. Kynningar.
- l. Auglýsingar.
- m. Íþróttir.

LOA
/ SE

16. Fjöldi heimsókna á vef Ríkisútvarpsins.

- a. Fjöldi notenda.
- b. Fjöldi flettinga.
- c. Fjöldi útvarps- og sjónvarpsþátta í boði á vef.

2. ÖNNUR ATRIÐI

Gera skal grein fyrir neðangreindum atriðum:

1. Fréttþjónusta (gr. 3).

- a. Birting reglna um framkvæmd kosningaumfjöllunar á vef félagsins.

2. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum (2.1.).

- a. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum, talsetning og gerð útvarpsþátta sem hlutfall af innheimtu útvarpsgjaldi Ríkisútvarpsins.
- b. Kaup og meðframleiðsla á dagskrárefni fyrir sjónvarp af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. lið 2.1.
- c. Talsetning
- d. Útvarpsþáttagerð.
- e. Greiðslur Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslufyrirtækja í m.kr.

3. Framlag til íslensks efnis í sjónvarpi (gr. 2.2.).

- a. Framlag Ríkisútvarpsins til innlands leikins sjónvarpsefnis í milljónum króna.
- b. Hlutfall af framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis sem rennur til sjálfstæðra framleiðenda.

4. Börn og unglingar (gr. 2.3).

- a. Hlutfall barna- og unglinaefnis sem hlutfall af heildardagskrárframboði í sjónvarpi.
- b. Framboð af barnaefni á RÚV.is.
- c. Umfang fréttatengds efnis fyrir börn.
- d. Umfang efnis sem efla skal læsi.
- e. Umfang fræðsluheimsókna fyrir grunnskólabörn.
- f. Aðgerðir til að virkja raddir og sjónarmið barna í mótun efnis og miðlunar.
- g. Þróun nýsköpunar í dagskrárgerð þvert á miðla og grasrótastarf.
- h. Með hvaða hætti þjónusta við börn og ungmenni þróaðist á tímabilinu.

5. Varðveisla og miðlun á eldra efni (gr. 2.4).

- a. Magn safnaefnis Ríkisútvarpsins sem fært er á stafrænt form.
- b. Aðgerðir til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi.

6. Stefnumótun (gr. 5).

- a. Upplýsingar um aðkomu almennings að stefnumótun Ríkisútvarpsins.
- b. Dagskrárstefna miðla Ríkisútvarpsins.

7. Starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins (gr. 6).

- a. Fjöldi stöðugilda á landsbyggðinni.
- b. Aðgerðir til að tryggja bætta þjónustu við notendur á landsbyggðinni.

8. Jafnréttismál (gr. 9).

- a. Kynjahlutfall viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum.
- b. Kynjahlutfall viðmælenda í dagskrá RÚV, Rásar 1 og Rásar 2
- c. Kynjahlutfall starfsmanna.

9. Innra eftirlit og gæðamál (gr. 11).

- a. Siðareglur starfsmanna.
- b. Fréttareglur Ríkisútvarpsins.
- c. Reglur um móttöku og meðferð erinda og greinargerð um samskipti við notendur.
- d. Reglur um innra eftirlit og gæðamál.
- e. Helstu niðurstöður mælinga á trausti og viðhorfi almennings til Ríkisútvarpsins.
- f. Umfang skoðunarferða og fræðsluheimsókna.

10. Tímasettar aðgerðir samkvæmt samningnum.

LRA
/ SE

**Yfirlýsing mennta- og menningarmálaráðherra og útvarpsstjóra
vegna starfsemi RÚV sölu á auglýsingamarkaði**

Í lögum um Ríkisútvarpið, nr. 23/2013, er tilgreint að félagið skuli gæta hófsemi í birtingu auglýsinga og ýmsar skorður settar á birtingu þeirra. Hömlur eru á kostun, rofi þátta, vöruinnsetningu og birtingum á vef auk þess sem aðeins er heimilt að senda út 8 mínútur af auglýsingum á hverjum klukkutíma í sjónvarpi.

Í ársbyrjun 2020 var dótturfélagið RÚV sala ehf. stofnað, en það annast fyrir móðurfélagið þá starfsemi sem telst til samkeppnisrekstrar, þ.m.t. sölu og móttöku auglýsinga. Starfsfólk RÚV sölu sem annast sölu og/eða móttöku auglýsingar fær ekki greidd árangurstengd laun. Gætt er að því að viðskiptakjör auglýsenda séu gagnsæ, öllum aðgengileg og að jafnræðis sé gætt milli viðskiptavina. Auglýsingaverðskrá, auglýsingareglur og reglur um fyrirkomulag viðskipta eru birtar á vef RÚV. Ekki eru veittir afslættir umfram það sem fram kemur í þeirri verðskrá. Í sjónvarpi hafa verið um árabil seldir áhorfspunktur og í desember 2020 var innleidd sala hlustunarpunkta í útvarpi. Í slíkri punktasölu er ekki veittur veltutengdur viðskiptaafsláttur og mun því þegar innleiðingunni er lokið, slíkur afsláttur heyra sögunni til.

Á liðnum árum hefur starfsemi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verið römmuð inn með margvíslegum hætti. Starfsemi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er undir eftirliti bæði Samkeppniseftirlits og fjölmiðlanefndar.



Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



F.h. Ríkisútvarpsins ohf.,
Stefán Eiríksson
útvarpsstjóri